

## Gátlisti um efni matslýsingar

Í matslýsingu skal eftirfarandi koma fram eftir því sem við á og í samræmi við nákvæmni og umfang áætlunar.

### Yfirlit yfir efni áætlunar

- Yfirlit yfir efni áætlunar og helstu markmið frumdraga ásamt upplýsingum um afhverju tillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

### Tengsl við aðra áætlanagerð

- Upplýsingar um tengsl áætlunarinnar við aðra áætlanagerð, s.s. svæðissk., aðalsk., deilisk.
- Upplýsingar um hvort áætlun kallar á breytingu á tengdum áætlunum eða frekari áætlanagerð, s.s. gerð deiliskipulags.

Greining á tengslum við aðra áætlanagerð vekur athygli á ef um frekari áætlanagerð er að ræða, hvort taka þurfi mið af öðrum áætlunum og hvort betur eigi við að meta tiltekna þætti á öðrum stígum.

### Umhverfisaðstæður og umhverfisþættir

- Lýsing á umhverfisaðstæðum á skipulagssvæðinu: landslagi, samfélagi, gróðurfari, dýralífi og landnotkun, yfirlit um verndarsvæði og kvaðir og takmarkanir á landnotkun, s.s. vegna náttúruvár.
- Upplýsingar um umhverfisþætti sem lagt verður mat á og jafnframt skýrt af hverju þeir eru taldir eru skipta máli.
- Upplýsingar um umhverfisvandamál í tengslum við umhverfisþætti, s.s. ástand umhverfisþátta.
- Upplýsingar um samfélagsleg viðfangsefni, s.s. atvinnuástand eða íbúapróun

Lýsing á umhverfisaðstæðum hjálpar við að greina umhverfisþætti sem þarf að meta, hvaða grunnupplýsingum þarf að safna og að greina áhrifavalda áætlunar.

### Stefna / áhrifaþættir áætlunar

- Greining á því hvaða þættir áætlunarinnar og fyrirhugaðar framkvæmdir eru líklegar til að valda umhverfisáhrifum.
- Yfirlit yfir valkosti við stefnu áætlunar sem koma til álita á þessu stigi.

### Öflun upplýsinga og umhverfisverndarmarkmið

- Hvaða grunnupplýsingum verður safnað til að spá fyrir um áhrif og hvernig þær tengjast völdum umhverfisþáttum.
- Umhverfisverndarmarkmið og viðmið stjórnvalda sem lagt verður til grundvallar matinu, s.s. úr Staðardagskrá, Velferð til framtíðar og lögum um náttúruvernd.
- Upplýsingar um umhverfisvísa, ef við á, sem stuðst verður við í matinu.

Greining á umhverfisverndarmarkmiðum á að stuðla að því að áætlunin sé í samræmi við samþykktu stefnu stjórnvalda í umhverfismálum.

### Umhverfismat – aðferðir og framsetning

- Greina þarf frá hvernig staðið verður að umhverfismatinu, s.s. hvaða aðferðum verður beitt og hverjir komi að sjálfu umhverfismatinu.
- Æskilegt er að drög að efnisyfirliti umhverfisskýrslu sé hluti af matslýsingu.

### Ferli, kynning og samráð

- Upplýsingar um við hverja verður haft samráð og tímasetning helstu verkáfanga áætlunargerðarinnar og umhverfismats hennar.

Lýsing á umhverfismatsferlinu stuðlar að samþættingu samráðs vegna tillögu að áætlun og umhverfismati hennar og er upplýsandi fyrir alla sem að áætlun og mati koma.